

## Sautjándi fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 17. febrúar 2016 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands  
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum  
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja  
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS  
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður  
Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Kynning á starfs-, rekstrar- og viðhaldsáætlun ársins 2016

Forstöðumaður fór yfir starfs-, rekstrar- og viðhaldsáætlun ársins 2016. Starfs- og rekstraráætlun voru sendar til Menntamálaráðuneytis í janúar og viðhaldsáætlun bíður samþykktar byggingarfulltrúa Sandgerðisbæjar. Stjórn samþykkti áætlanirnar athugasemdalaust og lagði til að forstöðumaður sendi starfsáætlun á sveitarfélögin og stjórn SSS til kynningar.

#### 2. Fjárframlög ríkis til þekkingarsetra

Forstöðumaður hefur tekið saman fjárframlög skv. fjárlögum til Þekkingarseturs Suðurnesja og annarra setra í nágrenninu síðustu fjögur ár og var samantektin kynnt fyrir stjórn. Þekkingarsetrið er að fá talsvert lægra framlag í ár en nágrennasetrin og lagði stjórn til að forstöðumaður kannaði ástæður þess frekar.

#### 3. Samningur við Stofnfisk

Þekkingarsetrið og Stofnfiskur hf. gerðu með sér leigusamning á rannsóknáðstöðu í lok síðasta árs. Forstöðumaður kynnti efni samnings og sagði frá hugmyndum Stofnfisks um frekari nýtingu aðstöðunnar, sem eru í skoðun. Stjórn veitti forstöðumanni heimild til að vinna áfram að þeim málum.

#### 4. Gestafjöldi árið 2015

Gestafjöldi á sýningar Þekkingarsetursins árið 2015 var kynntur en hann var sambærilegur síðustu árum.

## 5. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur yrði miðvikudaginn 27. apríl kl. 15:00. Ársfundur verður haldinn sama dag kl. 16:00.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

---

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

---

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

---

Sverrir Guðmundsson - SIGN

---

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN